

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 1322/2019 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð, stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði:

Tegundir úrgangs og ílát:

Blandaður heimilisúrgangur (grátunna) 240 l ílát	38.860 kr.
Lífrænn heimilisúrgangur (brúntunna) 240 l ílát	9.081 kr.
Pappi og pappír 240 l ílát (græntunna)	5.427 kr.
Plast 240 l ílát (blátunna)	5.427 kr.

Losunartíðni:

Grátunna: söfnun á 28 daga fresti.

Brúntunna: söfnun á 28 daga fresti.

Blátunna: söfnun á 28 daga fresti.

Græntunna: söfnun á 28 daga fresti.

Framangreindar fjárhæðir eru lágmarksfjárhæðir. Ef húseigandi óskar eftir viðbótaríláti við íbúðarhús skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir tegund úrgangs og ílát.

Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða 4.160 kr.

3. gr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs.

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva):

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði	32.283 kr.
---	------------

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli	21.550 kr.
---------	------------

Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki)

46.779 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) fyrir íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m³.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir lögbýli fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 10 skipti á ári, fyrir samtals 2,5 m³.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir fyrirtæki fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 9 m³.

Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð og miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er.

4. gr.

Gjaldskrá móttökustöðvar.

Fyrirtæki, lögbýli eða frístundahúsafélög sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingar úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttökugjald á móttökustöð eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. 2. og 3. gr gjaldskrár þessarar.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Um gjaldskyldu og flokka úrgangs gildir gjaldskrá fyrir móttökustöðvar Bláskógabyggðar. Virðisaukaskattur er innifalinn í móttökugjaldinu.

Móttökugjald á einn m³ af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi er 7.500 kr.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 10. desember 2025. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1758/2024 vegna meðhöndlunar úrgangs í Bláskógabyggð.

Bláskógabyggð, 30. desember 2025.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 15. janúar 2026